

Eigendastefna

Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

1. Almennt – inngangur

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins („LSR“) er stéttarfélagstengdur lífeyrissjóður sem tryggir sjóðfélögum sínum og fjölskyldum þeirra víðtæk réttindi. Sjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 1/1997 og almennu lífeyrissjóðalaganna nr. 129/1997. Sjóðurinn starfar í þremur deildum: A-deild, B-deild og Séreign LSR. Hver deild hefur aðskilinn fjárhag og kunna deildirnar að hafa ólíkra hagsmuna að gæta af einstökum málum. Í stefnu þessari er vísað til deildanna sem „sjóðsins“ eða „LSR“, ýmist sameiginlega eða með tilliti til einstakra deilda eftir því sem við á.

2. Um hlutverk LSR – markmið og tilgang fjárfestinga.

Það er hlutverk sjóðsins að greiða sjóðfélögum lífeyri og að tryggja þá, maka þeirra og börn, fyrir örorku á lífsleiðinni. Þetta hlutverk rækir sjóðurinn með móttöku iðgjalda sem ber að ávaxta með sem bestum hætti samkvæmt fjárfestingarstefnu að teknu tilliti til áhættu. Þetta verkefni krefst þess að tekið sé tillit til fjölmargra ólíkra þátta og sjónarmiða.

Megintilgangur eignastýringarstarfsemi sjóðsins er að standa undir lífeyrisgreiðslum sjóðfélaga að starfsævi lokinni. Það gerir sjóðurinn með því að ávaxta fé með sem bestum hætti að teknu tilliti til áhættu og stuðla að langtíma virðissköpun í þeim félögum sem fjárfest er í.

Eigendastefna LSR markar stefnu sjóðsins sem fjárfestis út á við. Hún styður við starfsemi sjóðsins þegar hann rækir framangreint hlutverk. Þá auðveldar stefnan þeim aðilum sem sjóðurinn fjárfestir í, eða sækjast eftir fjárfestingu hans, að gera sér grein fyrir því hvers má vænta af LSR sem fjárfesti.

3. Gildissvið eigendastefnu

Eigendastefna LSR gildir um allar fjárfestingar sjóðsins. Orðalagið tekur einkum til skráðra hlutafélaga en stefnunni er ætlað að taka til allra eignaflokka, til dæmis þegar sjóðurinn kemur fram sem skuldabréfaeigandi eða hlutdeildarskírteinishafi. Beiting stefnunnar kann að birtast með ólíkum hætti eftir aðstæðum og hagsmunamati hverju sinni. Sjóðurinn beitir sér þannig með ólíkum hætti eftir ólíkum hagsmunum, hver stærð hans er sem fjárfestis, hversu líklegt má telja að hann geti haft áhrif til virðisaukningar og hvort um sérstök áherslumál sjóðsins sé að ræða hverju sinni.

4. LSR sem fjárfestir

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins er virkur fjárfestir. Sjóðurinn leggur áherslu á að vera ábyrgur hluthafi og stuðla að framþróun starfshátta á fjármagnsmörkuðum. Þeir hagsmunir sem sjóðnum ber að tryggja eru tengdir starfsævi þeirra sem greiða í sjóðinn. Sjóðurinn fjárfestir því að jafnaði til mun lengri tíma en fjárfestar almennt. Þessi langa sýn sjóðsins í fjárfestingum birtist í ákvarðanatöku hans og aðferðum. Má þar nefna afstöðu til ýmissa áhættuþátta svo sem seljanleikaáhættu, mótaðilaáhættu og sveiflna í ávöxtun. Við stýringu eigna sinna getur sjóðurinn leyft sér að vera

polinmóður fjárfestir og þannig lagt upp í lengri vegferð en margir aðrir fjárfestar. Þá horfir sjóðurinn til margvíslegra þátta sem geta stuðlað að sveiflujöfnun í frammistöðu eignasafns hans, svo sem við samval eigna og eignaflokka. Rétt er að hafa í huga að sjóðurinn er deildaskiptur og kunna áherslur á milli deilda að birtast með ólíkum hætti. A-deild sjóðsins er opin og hefur enn ekki náð áætlaðri hámarksstærð sinni. Fjárfestingar deildarinnar geta því verið til mjög langs tíma. A-deild stendur fyrir langstærstum hluta eigna LSR. Fjárfestingartími B-deildar er styttri þar sem deildin hefur verið lokað síðan 1997. Meiri áhersla er lögð á seljanleika eigna í B-deild og Séreign og er fjárfestingartími þeirra styttri. Allar eignir Séreignar eru gerðar upp á markaðsvirði.

LSR er stór fjárfestir á innlendum markaði. Sjóðurinn heldur að jafnaði á verulegum hluta atkvæða í þeim félögum sem hann fjárfestir í. Lagareglur hindra þó að sjóðurinn fari með meira en 20% hlutdeild í hverju félagi. Sjóðurinn verður þannig alltaf minnihlutaeigandi. Samsetning og virkni annarra hluthafa kann því að skipta miklu máli um það hvernig sjóðurinn beitir sér sem hluthafi í félögum. Sjóðurinn horfir að jafnaði til þess að hafa jákvæð áhrif í þeim félögum sem hann fjárfestir í, hvort heldur er með beinum hætti eða með því að styðja við sjónarmið stjórnenda félaga eða annarra haghafa. Á hinn bóginn er sjóðurinn lítill fjárfestir á erlendum mörkuðum. Sú staða kann að leiða af sér að sjóðurinn beiti áhrifum sínum með ólíkum hætti á erlendum mörkuðum en þeim innlendu. Þá kann hegðun og framkoma einstakra útgefanda hvað varðar stjórnarhætti og samskipti við fjárfesta að skipta máli um hvort, hvernig og að hvaða marki LSR beitir sér sem hluthafi.

5. Hegðun LSR á markaði

Vegna stærðar LSR geta athafnir sjóðsins haft veruleg áhrif. Þessi áhrif kunna að vera fjölbreytt og koma fram með mismunandi hætti gagnvart ólíkum haghöfum. Í ljósi stærðar LSR og stöðu leggur sjóðurinn áherslu á að koma fram með öguðum og ábyrgum hætti. Athafnir sjóðsins og hegðun þurfa að grundvallast á þeim viðskiptalegu langtímahagsmunum sem honum er falið að standa vörð um. Viðbrögð sjóðsins og sýn þurfa að vera stöðug og fyrirsjáanleg yfir lengri tíma.

Sjóðurinn kemur fram með varfærum og yfirveguðum hætti og byggir ákvarðanatöku sína á sjálfstæðu og hlutlægu mati á aðstæðum m.t.t. eigin hagsmuna. Sjóðurinn leggur áherslu á opna og gagnsæja ákvarðanatöku í starfsemi sinni. Þá miðlar sjóðurinn þeim sjónarmiðum sem liggja til grundvallar ákvarðanatöku, þegar það er viðeigandi, þannig að það styðji við langtíma virðisaukningu í eignasafni sjóðsins.

6. Hvernig beitir LSR hluthafaréttindum sínum?

LSR er stór og virkur fjárfestir sem horfir að jafnaði til langs tíma. Sjóðurinn leggur áherslu á uppbyggilegt samtal við þau félög sem sjóðurinn fjárfestir í. Samskipti við félögin geta hvort heldur verið framvirk, þar sem sjóðurinn kemur sjónarmiðum sínum um einstök málefni eða málaflokka á framfæri að fyrra bragði, eða verið sett fram sem viðbragð við einstökum atburðum hjá hverju félagi, til dæmis þegar brugðist er við tillögum til hluthafafundar. LSR leggur áherslu á að samskipti sjóðsins fari skv. þeim viðmiðum sem hvert félag hefur sett sér og á þann hátt að samræmist skyldum viðkomandi aðila og reglum á fjármagnsmörkuðum.

Sjóðurinn leggur áherslu á að mæta til hluthafafunda og taka virkan þátt í afgreiðslu þeirra mála sem þar koma til afgreiðslu. Í þessu felst þó ekki að nauðsynlegt sé að kjósa í öllum tilfellum. Á vettvangi sjóðsins er farið gaumgæfilega yfir þær tillögur sem koma fyrir hluthafafundi og tekin afstaða til þeirra. Þá er metið hvort ástæða sé til að sjóðurinn geri sjálfur tillögur til hluthafafunda. LSR telur rétt að virkt samtal á milli útgefanda og fjárfesta liggji til grundvallar þeim ákvörðunum sem hluthafafundur tekur.

Hafi stjórn félags gert viðhlítandi grein fyrir tillögum sínum og hvernig þær tryggja hagsmuni hluthafa til lengri tíma greiðir LSR almennt atkvæði með þeim. Velji sjóðurinn að fara gegn tillögum stjórnar eða annarra hluthafa mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni í aðdraganda hluthafafundar, á hluthafafundi eða eftir hann, í samræmi við hagsmunamat sitt.

7. Samspil ábyrgra fjárfestinga og stjórnarháttanna

LSR skilgreinir ávöxtunarmarkmið í öllum fjárfestingum sínum. Sjóðurinn gerir jafnframt kröfu til þess að félög sem hann fjárfestir í sýni ábyrgð gagnvart félagslegum þáttum, umhverfislegum þáttum og að starfað sé í samræmi við góða stjórnarhætti. Sjóðurinn hefur sett sér sjálfstæða stefnu um ábyrgar fjárfestingar en með ábyrgum fjárfestinum er átt við að litið sé til framangreindra þátta við mat, ákvörðun og eftirfylgni fjárfestinga. Við mat á starfsháttum félaga horfir sjóðurinn meðal annars til aðstæðna á markaði, laga og almennt viðurkenndra reglna og viðmiða.

Hér á eftir er vikið að nokkrum áhersluatriðum sjóðsins varðandi stjórnarhætti félaga. Í stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar er einkum fjallað um umhverfis- og félagslega þætti. Stefnunum er ætlað að styðja hver aðra og er aðskilnaður þeirra ekki til marks um sérstaka forgangsroðun eða áherslur. Við framkvæmd fjárfestingarstefnu sjóðsins er litið til hvorrar stefnu um sig auk fjölda annarra viðmiða í rekstri sjóðsins.

8. Einstök atriði varðandi stjórnarhætti félaga

a. Stjórnarhættir - efnisatriði

LSR leggur áherslu á að stjórn hvers félags stuðli að því að það sé jafnvægi á milli langtímahagsmuna félagsins og að hámarka virði þess.

LSR leggur ríka áherslu á að hvert félag starfi í samræmi við góða stjórnarhætti. Í því skyni ætti stjórn félags meðal annars að:

- Haga störfum sínum í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.
- Setja sér starfsreglur sem eru yfirfarnar reglulega.
- Skilgreina valdheimildir forstjóra/framkvæmdastjóra, það er hvaða ákvarðanir teljast vera óvenjulegar eða mikilsháttar.
- Meta eigin störf árlega með árangursmati ásamt því að meta störf forstjóra/framkvæmdastjóra og undirnefnda stjórnar.
- Birta árlega upplýsingar um stjórnarhætti sína.

LSR hvetur félög til að sýna ábyrgð gagnvart félagslegum og umhverfislegum þáttum í starfsemi sinni. LSR væntir þess að stjórnarmenn taki ekki að sér önnur störf fyrir viðkomandi félag en þau sem honum eru falin sérstaklega af stjórn.

LSR væntir þess að undirnefndum stjórnar séu settar starfsreglur sem stjórn samþykkir og að stjórn sé haldið upplýstri um störf undirnefnda.

b. Val á stjórnarmönnum og kröfur til þeirra

Samsetning stjórnar ætti að taka mið af starfsemi og stefnu viðkomandi félags og bera með sér fjölbreytni og breidd í hæfni, þekkingu og reynslu stjórnarmanna. Við kosningu stjórnarmanna er meðal annars litið til eftirfarandi þátta:

- Stjórnarmenn hafi menntun og reynslu sem styrkir stjórnun og rekstur viðkomandi félags.
- Kynjahlutfall sé í samræmi við löggjöf um lágmark 40% hvors kyns í stjórn.
- Stjórnarmenn hafi ekki sýnt af sér hegðun sem kann að rýra traust þeirra og trúverðugleika.
- Meirihluti stjórnarmanna sé óháður viðkomandi félagi og stjórnendum þess.

LSR styður starfrækslu tilnefningarnefnda. Nefndirnar ættu að vera starfræktar í þeim tilgangi að auka skilvirkni og gagnsæi þegar kemur að tilnefningu stjórnarmanna. Tilnefningarnefndir eiga að gæta hagsmuna allra hluthafa og því rétt að gæta að því að sjálfstæði tilnefningarnefnda frá stjórnnum félaga sé nægjanlega tryggt. Nefndirnar ættu að mati LSR ekki að vera undirnefndir stjórnar heldur heyra undir hluthafafund. Þá ætti hluthafafundur að staðfesta skipan allra nefndarmanna tilnefningarnefndar. Stjórnarmenn ættu ekki að sitja í tilnefningarnefndum. Að auki telur LSR mikilvægt að starfsreglur tilnefningarnefnda stuðli að auknu upplýsingaflæði til hluthafa. Þá ætti starfsumgjörð tilnefningarnefnda og framkvæmd starfa þeirra að hvetja til aukinna skoðanaskipta, samskipta og ákvarðanatöku hluthafa á vettvangi félaganna.

LSR gerir kröfu um að stjórnarmenn í félögum sem sjóðurinn fjárfestir í sinni stjórnarstarfi sínu af heilindum og kostgæfni og í samræmi við góða stjórnarhætti. Stjórnarmenn eiga að vera sjálfstæðir í störfum sínum og hafa ætíð hagsmuni viðkomandi félags að leiðarljósi. Stjórnarmaður sem verður uppvís að því að fara gegn hagsmunum viðkomandi félags mun ekki fá stuðning LSR til áframhaldandi stjórnarsetu. LSR lítur til þess hvort seta stjórnarmanns í öðrum stjórnnum geti haft áhrif á ákvarðanatöku hans í málefnum er varða viðkomandi félag. Sjóðurinn styður ekki stjórnarmann ef telja má að seta hans í öðrum stjórnnum geti haft neikvæð áhrif á ákvarðanatöku hans í málefnum er varða viðkomandi félag.

LSR styður almennt ekki stjórnarmann ef fyrirsjáanlegt er að hann verði vanhæfur til ákvarðanatöku í mikilvægum málum sökum hagsmunaárekstra. Ef stjórnarmaður, félag hans, maki eða börn veita viðkomandi félagi eða samkeppnisaðila þess umtalsverða sérfræðipjónustu, t.d. er varðar lögfræði, fjármál og almenna rekstrarráðgjöf, mun sjóðurinn almennt ekki styðja viðkomandi til stjórnarsetu.

LSR gerir kröfu um að stjórnarmenn taki þátt í stjórnarstörfum og stuðli að því að stjórn sé ákvörðunarþær á stjórnarfundum. Ef sjóðurinn hefur upplýsingar um að stjórnarmaður hafi verið óvirkur í stjórnarstörfum á liðnu starfsári án réttmætrar ástæðu, mun LSR almennt ekki styðja viðkomandi til áframhaldandi stjórnarsetu.

Um stjórnarsetu stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna sjóðsins, sem og um hvers kyns fulltrúaráðssetu eða aðkomu að rekstri félaga í umboði sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum siðareglna LSR.

c. Upplýsingagjöf félaga

LSR leggur áherslu á að félög stuðli að vandaðri upplýsingagjöf hvort heldur er með opinberum tilkynningum, á hluthafafundum, á vef viðkomandi félags eða með öðrum hætti. Áhersla er lögð á jafnræði haghafa í þessu tilliti. Það er mikilvægt að félög veiti viðeigandi og réttar upplýsingar tímanlega til þess að hægt sé að leggja mat á starfsemi þeirra. Þá leggur sjóðurinn áherslu á að ófjárhagsleg upplýsingagjöf félaga sé viðeigandi og afdráttarlaus.

d. Samkeppnissjónarmið

LSR leggur áherslu á að fjárfestingar- og eigendastefna sjóðsins stuðli að virkum samkeppnismarkaði og gerir sér grein fyrir að eignarhald á verulegum hlutum í félögum á sama markaði krefst sérstakrar aðgæslu sjóðsins.

Félög á samkeppnismarkaði, sem sjóðurinn fjárfestir í, skulu í hvívetna vera rekin sem sjálfstæðir keppinautar. Stjórnarmenn þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í skulu hafa hag viðkomandi félags og allra hluthafa þess að leiðarljósi og stuðla að virkri samkeppni. LSR gerir kröfu til þess að félag sem sjóðurinn fjárfesti í sýni ábyrgð gagnvart samkeppnislögum og stundi heilbrigða samkeppni. LSR hvetur þau félög sem sjóðurinn fjárfestir í að setja sér samkeppnisstefnu þar sem kröfur samkeppnislaga eru áréttáðar og að upplýsa um rannsóknir samkeppnismála sem varða viðkomandi félag. LSR gerir sér grein fyrir að meðferð viðkvæmra viðskiptaupplýsinga krefst sérstakrar varkárni, einkum ef um ræðir félög sem keppa á sama markaði og skal gæta þess að trúnaðarupplýsingar berist ekki á milli keppinauta fyrir tilstilli LSR.

Til að tryggja sjálfstæði félaganna, og hindra mögulega hagsmunaárekstra vegna fjárfestinga sjóðsins í öðrum félögum á sama markaði, skal sjóðurinn ekki hafa áhrif á stefnumótun þeirra umfram það sem á sér stað á hluthafafundum. LSR mun hvorki beita sér fyrir samstarfi né takmörkun á samkeppni milli keppinauta sem sjóðurinn á eignarhluti í.

LSR styður ekki framboð sama stjórnarmanns til stjórnarsetu í stjórn tveggja félaga sem keppa á sama markaði.

e. Samskipti

LSR leggur áherslu á skýr, góð og uppbyggileg samskipti við þá aðila sem hann fjárfestir í. Telji sjóðurinn ástæðu til mun hann koma sjónarmiðum sínum á framfæri við útgefendur. Að sama skapi hvetur sjóðurinn haghafa vegna framfylgni stefnu þessarar til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við sjóðinn.

LSR leggur áherslu á að sjálfstæði, þagnar- og trúnaðarskylda stjórnar- og nefndarmanna sé virt og hefur ekki bein afskipti af störfum einstaklinga eftir að þeir hafa verið valdir til trúnaðarstarfa í þeim félögum sem sjóðurinn fjárfestir í. Komi til samskipta LSR við stjórnir eða nefndir félaga sem sjóðurinn fjárfestir í skulu þau almennt fara fram í samræmi við reglur og viðmið viðkomandi félags. Gæta þarf að slík samskipti séu í samræmi við reglur um meðferð innherjaupplýsinga og ákvæði samkeppnislaga. Stjórnarmenn geta að eigin frumkvæði haft samskipti við LSR vegna málefna félagsins eða önnur mál, svo sem hluthafastefnu þessa og stefnu um ábyrgar fjárfestingar.

LSR styður skipan tilnefningarnefnda hjá félögum í aðdraganda stjórnarkjara og í því sambandi geta samskipti LSR við tilnefningarnefndir átt sér stað.

f. Starfskjör stjórnar og stjórnenda

LSR telur að við ákvörðun um starfskjör stjórnarmanna og stjórnenda eigi að gæta hófs og meðal annars að líta til stærðar og umfangs félagsins svo og þeirra starfskjara sem ætla megi að bjóðist almennt á þeim markaði sem félagið starfar á.

LSR gerir kröfu um að starfskjarastefna uppfylli kröfur hlutafélagalaga og taki mið af viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eins og við á.

LSR telur að við ákvörðun starfskjara ætti m.a. að taka mið af eftirfarandi:

- Stuðla að og samræmast langtímahagsmunum hluthafa.
- Hafa skýran rekstrarlegan tilgang.
- Mega ekki hvetja til óhóflegrar áhættutöku.
- Ef um kaupakgreiðslur eða kaupréttarsamninga er að ræða, skulu hluthafar upplýstir um forsendur og rök fyrir slíkum greiðslum. Upplýsingar um umgjörð þeirra ættu að vera aðgengilegar og fyrirsjáanlegar gagnvart hluthöfum.

LSR telur almennt æskilegt að greinarmunur sé gerður á grunnlaunum og árangurstengdum launum í ársreikningi félagsins sem sjóðurinn á eignarhlut í.

9. Framkvæmd eigendastefnu

Á grundvelli stefnu þessarar tekur LSR ákvörðun um beitingu eigendaréttinda sjóðsins. Ákvörðun um beitingu réttindanna er falin sérstakri nefnd sem metur hvernig rétt sé að beita eigendaréttindum sjóðsins. Framkvæmdastjóri LSR ákveður hver skuli fara með atkvæði sjóðsins á hluthafafundum í félögum sem sjóðurinn á eignarhlut í og veitir viðkomandi umboð til þess.

10. Upplýsingar um hluthafastefnu og beitingu hennar

LSR leggur áherslu á fagleg og uppbyggileg samskipti við þau félög sem sjóðurinn fjárfestir í. Sjóðurinn kynnir forsvarsmönnum þeirra félaga stefnu þessa ásamt stefnu um ábyrgar fjárfestingar og einstök áherslumál sjóðsins eftir því sem ástæða þykir til.

LSR birtir yfirlit um beitingu atkvæðisréttar á hluthafafundum skráðra hlutafélaga á heimasíðu sinni í kjölfar hvers fundar. Upplýsingar eru birtar um hvernig atkvæði hafa verið greidd um hvern einstakan dagskrárlið þeirra hluthafafunda sem mætt er til.

LSR á í margvíslegum samskiptum við þau félög sem sjóðurinn fjárfestir í og kemur sjónarmiðum sínum um starfsemi þeirra á framfæri með þeim hætti sem sjóðurinn telur að henti best hagsmunum sínum hverju sinni. Sjóðurinn leggur áherslu á jafnræði hluthafa og heldur sérstaka skrá yfir samskipti við forsvarsmenn félaga og tilnefningarnefndir þeirra. Telji sjóðurinn að upplýsingar um beitingu stefnunnar hafi erindi í almenna umræðu eða hafi breiðari skírskotun en til einstakra félaga mun hann birta sérstaklega upplýsingar þar að lútandi, til dæmis á formi opinna bréfa, tilkynninga á heimasíðu eða fréttatilkynninga.

11. Ýmislegt

Eigendastefna þessi tekur mið af og útfærir ákv. laga nr. 129/1997 auk þeirra reglna sem afmarka umboðsskyldu lífeyrissjóða. Eigendastefnan er sett af stjórn LSR, sem gerir á henni breytingar eftir því sem ástæða kann að vera til. Eigendastefnan skal birt á heimasíðu sjóðsins.

Samþykkt af stjórn LSR, 31. janúar 2024.